

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2014 frá 25. september 2014, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/22/ESB um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar blóðþorra.

2. gr.

Ofangreind tilskipun framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fíksjúkdómum.

4. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 303/2009 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum, og reglugerð nr. 367/2013 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. október 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/22/ESB****frá 13. febrúar 2014****um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar blóðþorra**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 61. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2006/88/EB er m.a. mælt fyrir um tilteknar reglur um dýraheilbrigði sem gilda um lagareldisdýr og afurðir þeirra, þ.m.t. sértæk ákvæði varðandi framandi sjúkdóma og sjúkdóma sem ekki eru framandi, og tegundir sem eru smitnæmar fyrir þeim sem eru skráð í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina.
- 2) Í B-þætti I. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB eru sett fram þau skilyrði sem þarf að uppfylla svo að skrá megi sjúkdóm sem sjúkdóm sem er ekki framandi í II. hluta þess viðauka. Sem stendur er blóðþorri tilgreindur í þeirri skrá.
- 3) Í maí 2013 breytti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin kafla 10.5 í heilbrigðisreglum um lagardýr (heilbrigðisreglur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr) að því er varðar blóðþorra. Samkvæmt endurskoðuðum heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr (16. útgáfa, 2013) er blóðþorri skilgreindur sem sýking af völdum veiru af arfgerð með HPR-úrfellingu (e. *genotype HPR-deleted*) eða af arfgerð HPR0 (e. *non-deleted highly polymorphic region*) af ættkvíslinni *Isavirus* (ISAV) sem er af ortómýxóveirætt (Orthomyxoviridae). Að auki eru báðar arfgerðir nú tilkynningarskyldar í samræmi við greinar 1.3.1 og 10.5.1 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr. Fyrir þá endurskoðun var ekki gerður greinarmunur á *Isavirus*-arfgerðunum tveimur.
- 4) Einungis sýkingar af völdum veiru af arfgerð með HPR-úrfellingu af ættkvíslinni *Isavirus* uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í B-þætti I. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Af þessum sökum ættu einungis sýkingar af völdum veiru af arfgerð með HPR-úrfellingu af ættkvíslinni *Isavirus* að vera á skrá í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Að því er varðar tilskipun 2006/88/EB ætti því að skilgreina blóðþorra sem sýkingu af völdum veiru af arfgerð með HPR-úrfellingu af ættkvíslinni *Isavirus*.
- 5) Því ber að breyta II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(1) Sjá ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. nóvember 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum eigi síðar en frá og með 16. nóvember 2014.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB komi eftirfarandi:

„II. HLUTI

Skráðir sjúkdómar

Framandi sjúkdómar		
	Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
Fiskur	Blóðmyndandi drep, EHN-veiki	Regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>) og aborri (<i>Perca fluviatilis</i>)
Lindýr	Sýking af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>	<i>Ostrea angasi</i> og <i>O. chilensis</i>
	Sýking af völdum <i>Perkinsus marinus</i>	Risaostra (<i>Crassostrea gigas</i>) og meyjarostra (<i>C. virginica</i>)
	Sýking af völdum <i>Microcytos mackini</i>	Risaostra (<i>Crassostrea gigas</i>), meyjarostra (<i>C. virginica</i>), <i>Ostrea conchaphila</i> og <i>O. edulis</i>
Krabbadýr	Rauðhali (e. <i>Taura syndrome</i>)	<i>Penaeus setiferus</i> , <i>P. stylirostris</i> og <i>P. vannamei</i>
	Gulhöfðaveiki (e. <i>Yellowhead disease</i>)	Indiánarækja (<i>Penaeus aztecus</i>), <i>P. duorarum</i> , japansrækja (<i>P. japonicus</i>), tigrisrækja (<i>P. monodon</i>), <i>P. setiferus</i> , <i>P. stylirostris</i> og <i>P. vannamei</i>

Sjúkdómar sem eru ekki framandi

Fiskur	Veirublaði (VHS-veiki)	Sild (<i>Clupea</i> spp.), tjarnasild (<i>Coregonus</i> sp.), gedda (<i>Esox lucius</i>), ýsa (<i>Gadus aeglefinus</i>), kyrrahafsporskur (<i>G. macrocephalus</i>), þorskur (<i>G. morhua</i>), kyrrahafslax (<i>Oncorhynchus</i> spp.), regnbogasilungur (<i>O. mykiss</i>), keilubröðir (<i>Onos mustelus</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>), sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>), tannsild (<i>Sprattus sprattus</i>), harri (<i>Thymallus thymallus</i>) og japanshverfa (<i>Paralichthys olivaceus</i>)
	Iðradrep (IHN-veiki)	Hundlax (<i>Oncorhynchus keta</i>), silfurlax (<i>O. kisutch</i>), <i>O. masou</i> , regnbogasilungur (<i>O. mykiss</i>), rauðlax (<i>O. nerka</i>), hnúðlax (<i>O. rhodurus</i>) kóngalax (<i>O. tshawytscha</i>) og lax (<i>Salmo salar</i>)
	Skjónakarpaherpesveiki	Vatnakarpi og skjónakarpi (<i>Cyprinus carpio</i>)
	Blöðþorri (ISA-veiki): sýking af völdum veiru af arfgerð með HPR-úrfeilingu af ættkvíslinni <i>Isavirus</i> (ISAV)	Regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), lax (<i>Salmo salar</i>) og urriði (<i>Salmo trutta</i>)

Lindýr	Sýking af völdum marteliuveikisýkils (<i>Marteilia refringens</i>)	<i>Ostrea angasi</i> , <i>O. chilensis</i> , <i>O. edulis</i> , <i>O. puelchana</i> , kræklingur (<i>Mytilus edulis</i>) og miðjarðarhafskræklingur (<i>M. galloprovincialis</i>)
	Sýking af völdum ostruveikisýkils (<i>Bonamia ostreae</i>)	<i>Ostrea angasi</i> , <i>O. chilensis</i> , <i>O. conchaphila</i> , <i>O. denselammellosa</i> , <i>O. edulis</i> og <i>O. puelchana</i>
Krabbadýr	Hvítblettaveiki	Öll tífætt krabbadýr (ættbálkurinn <i>Decapoda</i>)“

B-deild – Útgáfud.: 29. október 2014